

Áfengið, utan það, sem hjá honum fannst, kveðst hann hafa selt hinum og þessum á 6—8 krónur $\frac{1}{4}$ flöskuna.

Samkvæmt vottorði Efnarannsóknarstofunnar reyndist styrkleiki sýnishorna, sem tekin voru af áfenginu 67,2% og 0,40% hvorutveggja reiknað eftir rúmmáli.

Þetta brot kærðs varðar við 6. gr. og 11. gr., sbr. 30. gr. og 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, þykir refsing hans, sem dæmdur var í aukarétti Reykjavíkur hinn 17. júní 1932 í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir ólöglega meðferð á fundnu fé, hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt til rikissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 25 daga einföldu fangelsi.

Kostnað sakarinnar greiði kærður.

Hið ólöglega áfengi og bruggunartæki skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 12. dez. 1934.

Nr. 167/1934. Réttvísinn og valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Guðmundi Ragnari Magnússyni

(Theódór B. Lindal).

Hegningarlaga- og áfengisl. brot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 3. maí 1934: Ákærði, Guðmundur Ragnar Magnússon, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga og greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er í hinum áfrýjaða dómi segir, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði, Guðmundur Ragnar Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflytningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Theódórs B. Líndal, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn Guðmundi Ragnari Magnússyni, sjómanni, til heimilis í Pálshúsi við Sölvhólsgötu hér í bænum, af réttvísinnar hálfu fyrir brot gegn 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64, 1930, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, frá 1930.

Ákærði hefir náð lögaldri sakamanna, er fæddur 5. sept. árið 1900.

Hann hefir hér í undæminu sætt refsingu, sem nú skal greina:

- 1) 21. júní 1920 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 2) 12. apríl 1921 sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 3) 23. nóv. 1932 sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 4) 17. dez. s. á. sektaður um 80 krónur fyrir sama brot.
- 5) 24. dez. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 6) 31. dez. s. á. sektaður um 200 krónur fyrir ölvun og ólöglega neyzlu áfengis á veitingahúsi.
- 7) 25. jan. 1933 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.

- 8) 14. febrúar s. á. sektaður um 100 krónur fyrir sama brot.
- 9) 18. apríl s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 10) 13. maí s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 11) 16. maí s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 12) 21. maí s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 13) 28. maí s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 14) 9. júní s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 15) 14. júní s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 16) 10. sept. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 17) 26. sept. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 18) 21. nóv. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 19) 21. dez. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 20) 17. jan. 1934, sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 21) 23. febr. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 22) 24. febr. s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 23) 23. marz s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 24) 25. marz s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.
- 25) 3. apríl s. á. sektaður um 50 krónur fyrir sama brot.

Ákærði hefir ekki svo kunnugt sé sætt ákæru eða refsingu í öðrum umdæmum.

Hinn 27. f. m. klukkan 7,30 síðdegis var hringt á lög-reglustofuna frá kaffihúsinu Aldan hér í bænum og beðið um lögregluaðstoð þangað vegna manns, að nafni Jón Alexander Jóhannsson, sem var þar ölvaður. Þeir lögregluþjónarnir Leo Sveinsson og Ágúst Kristjánsson, fóru þá á fyrrgreindan veitingastað til að sinna þessu. Er þeir komu þangað, sáu þeir, að fyrrgreindur Jón Alexander, sem sat þar við borð, var dauðadrukinn, og ákváðu þeir því að taka hann út af veitingahúsinu. Sat Jón við borð út í horni, en við sama borð og fyrir framan hann sat ákærði, sem einnig var ölvaður. Gengu nú lögregluþjónarnir að borði þeirra og skipuðu Jóni að fylgjast með þeim, og seildist Leo Sveinsson til hans um leið fram hjá ákærða án þess þó að hreyfa við honum (ákærða) eða að skipta sér af honum á annan hátt. Reis ákærði þá upp með miklum þjósti, og sagði, að þeir lögregluþjónarnir skyldu ekki taka Jón út af veitingahúsinu, og jafnframt tók hann báðum höndum fyrir brjóst Leó Sveinssyni, lögregluþjóni, í uniformsfrakka hans og reyndi að hrinda honum frá. Hratt lögregluþjóninn ákærða þá af sér og ætlaði ekki að sinna

honum frekar í bili, en þá sló ákærði hægri hendi til lögregluþjónsins og miðaði hnefa sínum á andlit lögregluþjóninum, sem þá sló undir handlegg ákærða og bar þannig af sér höggið. Tóku lögregluþjónarnir þá ákærða fastan og færðu hann út af veitingahúsinu. Veitti hann allan þann mótþróa, sem hann mátti, og varð því að setja hann í járn, er kom út í portið fyrir utan veitingahúsið, og var hann síðan fluttur í heim í fangahúsið.

Framangreidd lýsing er byggð á samhljóða skýrslu fyrsgreindra lögregluþjóna, sem ákærði hefir í engu véfengt, enda þótt hann teldi sig ekki muna, hverju fram hafi farið, en það kveður hann títt, að hann ekki muni eftir á, hvað hefir hent hann í ölvunarástandi.

Með því að ráðast á lögregluþjóninn og leitast við að hindra lögregluna í starfi sínu eins og nánar er lýst hér að framan hefir ákærði brotið gegn 101. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869 og 3. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, og með því að vera ölvaður á almannafæri hefir ákærði brotið gegn 16. gr. sbr. 36. gr. áfengislaga nr. 64, 1930, og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktarinnar, og þykir refsing ákærðs með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Meðferð málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 19. dez. 1934.

Nr. 58/1934. **Ólafur Thors** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Einari Magnússyni og gagnsök

(Sjálfur).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. marz 1934: Framangreind ummæli og aðdróttun skulu vera dauð og ómerk.

Stefndur, Einar Magnússon, greiði 100 króna sekt í rikissjóð og komi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd